

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 28. september 2020

Mál nr. S-127/2020:

Héraðssaksóknari

(*Matthea Oddsdóttir saksóknarfulltrúi*)

gegn

X

(*Bjarni Hauksson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 8. september sl., höfðaði héraðssaksóknari með ákæru 9. janúar 2020 á hendur: „X, kennitala [...], [...], fyrir brot gegn blygðunarsemi, með því að hafa aðfararnótt laugardagsins 29. desember 2018, á þáverandi heimili ákærða að [...], sýnt af sér lostugt athæfi með því að taka upp myndbönd og myndir af ákærða og A, kt. [...], að stunda kynmök, án vitneskju A en með þessari háttsemi særði ákærði blygðunarsemi hennar.

Telst þetta varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kt. [...], er þess krafist að ákærði greiði henni miskabætur að fjárhæð 2.500.000.- [krónur] auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 29.12.18 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðar dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að kærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður en til vara að honum verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Þá krefst hann þess aðallega að bótakröfunni verði vísað frá dómi, en til vara að bætur verði stórlega lækkaðar. Loks krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins er greiðist úr ríkissjóði.

I

Málsatvik

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var hún kölluð á neyðarmóttöku Landspítalans að morgni laugardagsins 29. desember 2019, en brotþoli hafði leitað þangað vegna ætlaðs kynferðisbrots. Kvaðst brotþoli hafa verið að skemmta sér á skemmtistaðnum [...] um nóttina. Þar hefði hún hitt ákærða, sem hún þekkti, og þau farið saman á heimili ákærða að [...] þar sem þau hefðu haft samfarir með samþykki þeirra beggja. Á meðan á samförunum stóð hefði hún séð að ákærði var að taka upp myndband eða taka myndir af henni á iPhone-síma sinn. Hún hefði ekki verið búin að gefa honum leyfi fyrir slíkri myndatöku og hefði sagt honum að hætta og eyða myndunum. Hefði henni virst sem ákærði hefði orðið við því en talið hugsanlegt að hann ætti afrit af myndunum í símanum eða jafnvel í skýinu (iCloud). Hún hefði síðan sagt ákærða að hún ætlaði á neyðarmóttökuna og farið út úr íbúðinni.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu vegna málsins daginn eftir að atvik gerðust, 29. desember 2019. Í samantekt lögreglu sem liggur fyrir í málinu segir að fram hafi komið hjá honum að hann og brotþoli hefðu þekkt áður en atvik gerðust og mælt sér mót á skemmtistað niðri í bæ og þaðan farið saman heim til ákærða. Þar hefðu þau fengið sér drykki og hlustað á tónlist en síðan farið inn í herbergi hans og haft þar kynmök. Á meðan á því stóð hefði hann verið að stjórna tónlist úr farsíma sínum. Eftir stutta stund hefði hann í kæruleysi byrjað að taka myndir og stutt myndskaið, fljótlega hefði brotþoli svo séð að hann væri að mynda kynlíf þeirra og hefði hann séð að henni líkaði það illa og hefði hún beðið hann að hætta. Hann hefði strax hætt að taka upp og eytt myndunum og myndböndunum fyrir framan hana. Þá liggur fyrir hljóðupptaka af þessum framburði ákærða hjá lögreglu.

Brotþoli, A, gaf skýrslu hjá lögreglu 30. janúar 2019. Lýsti hún atvikum svo að hún hefði aðfaranótt 29. desember farið heim með ákærða eftir að hafa hitt hann á

skemmtistað, en þau hefðu þekkt fyrir. Þar hefðu þau haft kynmök og hefði hún þá orðið vör við að ákærði væri að taka af henni myndir og myndskleið án hennar leyfis. Kvaðst hún telja að um hefði verið að ræða sex til sjö myndir og eitt myndskleið. Myndirnar hefðu verið af kynferðislegum samskiptum þeirra, hún efaðist um að það hefði sést í andlit hennar en hún hefði ekki náð að skoða allar myndirnar. Hún hefði snúið baki í ákærða en hann haldið á símanum og tekið upp á meðan þau höfðu samfarir. Kvaðst hún hafa reynt að taka símann af honum en hann náð honum aftur, en hún hefði séð myndirnar og spurt hann hvað hann ætlaði að gera við þær. Ákærði hefði þá sagt að sér fyndist þetta svo „heitt“. Kvaðst hún hafa sagt honum að eyða myndunum en hann hefði ekki gert það fyrir framan hana. Hún hefði síðan klætt sig og hringt í vin sinn, vitnið [...], sem hefði ekið henni á neyðarmóttöku. Brotapoli sagði að sér hefði liðið illa yfir þessu og hún orðið reið og óttast að þetta mundi birtast einhvern tímann í framtíðinni eða að hann ætti þetta enn. Hún kvaðst hafa leitað sér aðstoðar vegna málsins og m.a. farið tvisvar til sálfræðings á vegum neyðarmóttökunnar.

Vitnið [...] gaf einnig skýrslu vegna málsins við rannsókn lögreglu en ekki er ástæða til að rekja framburð hans.

Fyrir liggur skýrsla lögreglu um skoðun á síma ákærða. Kemur þar fram að sími hans var skoðaður þegar skýrsla var tekin af honum 29. desember 2018. Við þá skoðun fundust engar myndir af atvikinu í þeim myndforritum sem fundust í símanum og í ljós kom að ekki var kveikt á stillingu fyrir „iCloud Photos“.

Þá liggur fyrir vottorð [...] sálfræðings, dagsett 6. mars 2020. Þar kemur fram að brotapolí hafi leitað til hennar í kjölfar meints brots ákærða og komið tvisvar í viðtal til hennar, annars vegar 9. og hins vegar 29. janúar 2019. Brotapoli hefði upplifað hræðslu og reiði og ágengar hugsanir um mögulegar myndbirtingar. Í seinna viðtalinu hefði henni verið farið að líða betur en þó upplifað svefnerfiðleika. Virtist brotapolí hafa jafnað sig á eðlilegan hátt og hefði vitninu og brotapolá komið saman um að brotapolí þyrfti ekki frekari sálrænan stuðning vegna meints brots. Þrátt fyrir það sé mögulegt að brotapolí þurfi áfram að takast á við afleiðingar þess í daglegu lífi.

II

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi, að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.

Ákærði neitar sök. Hann kvaðst hafa þekkt brotþola áður en atvik gerðust, en þau hefðu þetta kvöld hist niðri í bæ á skemmtistaðnum [...] og þaðan farið heim til hans. Þar hefðu þau verið að spila tónlist og drekka áfengi og bæði verið ölvuð. Síðan hefðu þau farið inn í svefnherbergi hans og haft kynmök. Hann hefði verið að spila tónlist í gegnum síma sinn um kvöldið og verið að fikta í símanum þegar hann var að skipta um lög þannig að síminn hefði alltaf verið við hliðina á þeim. Á einhverjum tímapunkti meðan þau höfðu kynmök og hann var með símann í hendinni hefði hann séð að myndavélaappið var opið. Þau hefðu þá verið að hafa samfarir og hefði hann þá verið fyrir aftan brotþola og séð að brotþoli hætti og síðan hefði hún spurt hvað hann væri að gera eða hvort hann væri að taka myndir. Myndi hann ekki hvort hann sagði henni að fyrra bragði að appið væri opið eða hvað hefði orðið til þess að hún spurði hvort hann væri að taka myndir en því hefði hann svarað neitandi. Hann hefði séð að þetta liti mjög illa út og því hætt og kveikt ljós, en það hefði verið myrkur í herberginu. Hún hefði síðan klætt sig og hann, að ósk hennar, sýnt henni hvað var í símanum. Myndirnar hefðu allar verið svartar og ekkert sést á þeim. Brotþola hefði verið brugðið og hann því farið beint í að eyða myndunum svo að henni liði betur og hann hefði beðist afsökunar. Kvaðst ákærði skilja af hverju hún hefði brugðist svona við, þetta hefði ekki litið vel út og ekki verið neitt sem staðið hefði til að gera. Hann hefði boðist til að hringja á leigubifreið fyrir brotþola og lagt til að þau ræddu síðan saman þegar þau væru í betra ástandi. Hún hefði þá sagt að hún ætlaði að hringja í vin sinn og biðja hann að sækja sig og fara með sér á neyðarmóttöku. Einnig hefði hún sagt að hún ætlaði að fara með þetta alla leið og kæra hann fyrir nauðgun og hefði honum brugðið við að heyra það.

Ákærði kvaðst ekki geta skýrt af hverju appið var opið og ekki minnst þess að hann hefði verið að taka myndir og kvaðst telja að myndirnar hefðu verið teknar út í loftið. Sagði ákærði að ekki hefði verið ætlunin að hafa appið opið með leynd og ekki hefði staðið til að taka myndir. Hann hefði ekki stillt appið á myndatöku og komið símanum fyrir heldur hefði síminn verið í höndunum á honum þegar þetta gerðist. Hann hefði ekki tekið myndir af samförunum eða beint símanum að brotþola. Þá hefði hann ekki borið undir hana hvort hann mætti taka af þeim myndir eða myndskeið í samförum. Ákærði kvaðst ekki vita hve margar myndirnar voru eða hvort þetta hefðu verið myndir eða myndskeið. Ruslið í símanum hefði verið fullt af myndum. Þetta hefði allt gerst frekar hratt. Hann hefði sýnt henni myndirnar í símanum og þau hefðu farið frekar hratt í gegnum þær. Skjáirnir hefðu verið svartir og það hefðu ekki sést kynmök, líkamar eða

neitt slíkt. Hann hefði eytt öllum myndunum fyrir framan hana og öllu öðru frá þessu kvöldi. Þegar brotapolí fór hefði hún virst vera í hálfgerðu sjokki og haldið því fram að hann hefði nauðgað sér.

Ákærði sagði að orðalag þeirrar samantektar á framburði hans sem lægi fyrir í málinu benti til þess að hann hefði sagt að upptaka hefði verið í gangi þegar brotapolí tók eftir þessu, en svo hefði ekki verið. Hann hefði ekki lýst atvikum þannig í skýrslutökunni. Ákærði kvaðst hafa sagt satt og rétt frá í framburði sínum hjá lögreglu miðað við ástand hans þá og þann alvarleika sem blasti við honum þennan morgun, en ekki endilega verið nákvæmur. Vegna orða brotapóla hefði hann talið að hún ætlaði að kæra sig fyrir nauðgun, auk þess sem hann hefði lítið verið búinn að sofa. Hefði hann í raun ekki alveg áttað sig á sakargiftum. Þá sagði ákærði það rangt sem fram kæmi í framburði brotapóla hjá lögreglu, að hann hefði sagt við hana að honum fyndist þetta heitt þegar hún spurði hann hvað hann ætlaði að gera við myndirnar.

Vitnið A, brotapolí, kvaðst hafa þekkt ákærða áður en atvik gerðust. Umrætt sinn hefðu þau hist á skemmtistaðnum [...] og þaðan farið saman heim til ákærða. Hún hefði þá verið búin að drekka og einnig ákærði og teldi hún að þau hefðu fengið sér einn drykk eftir að þau komu heim til ákærða. Þar hefðu þau haft kynmök og hún þá snúið frá ákærða. Á meðan á kynmökunum stóð hefði hún litið aftur fyrir sig og þá séð að ákærði hefði verið með símann uppi og þá haldið á honum með annarri hendi. Hann hefði þá verið á hnjánum fyrir aftan hana og beint símanum að henni. Hefði hann þá verið búinn að taka margar myndir og myndband. Hún hefði spurt hann hvort hann væri að taka myndir og hann svarað því játandi. Hún hefði þá spurt hvort hún mætti sjá þær og hefði hann einnig svarað því játandi. Hún hefði séð að hann var með margar myndir af henni og þrátt fyrir að það hefði verið dimmt í herberginu hefði hún þekkt sjálfa sig á myndunum. Hún hefði ekki heyrt nein hljóð heldur hefði tilviljun ráðið því að hún leit við og sá að hann var að taka myndir. Þau hefðu ekki á þessum tíma verið að hlusta á tónlist og ákærði hefði ekki beðið um leyfi til að fá að taka myndir af henni.

Brotapolí sagði að ákærði hefði eytt myndunum en um hefði verið að ræða margar myndir og eitt myndskeið. Á myndunum hefði mátt sjá líkama hennar aftan frá í samförum. Hefði hún orðið reið og klætt sig og sér liðið mjög illa og fundist hún hafa verið svikin. Hún hefði sagt honum að eyða myndunum og að þetta væri ekki búíð. Hún hefði ekki treyst því að ákærði hefði eytt öllum myndunum og hefði ekki séð hann eyða þeim. Hún hefði séð að ákærði gat flett myndunum. Kvaðst hún telja að ákærði hefði

áttað sig á því að henni liði ekki vel með upptökurnar. Brotapoli kvaðst síðan hafa hringt í vitnið [...] og hefði hann sótt hana og farið með hana á neyðarmóttöku. Þar hefði hún verið skoðuð og rætt við lögreglu. Brotapoli sagði að sér fyndist að brotið hefði verið á henni þar sem hún hefði ekki gefið samþykki fyrir því að myndirnar væru teknar. Kvaðst hún vita að þetta væri ekki nauðgun þó að hún hefði notað það orð við ákærða og ekki vitað hvað hún ætti að kalla meint brot. Hún muni hins vegar ekki eftir að hafa sagt [...] að ákærði hefði nauðgað henni heldur notað orðið kynferðisbrot. Eftir þetta hefði hún átt erfitt með að treysta og svo væri enn. Einnig væri hún mjög lokuð en það hefði hún ekki verið áður. Hún hefði leitað sér aðstoðar hjá sálfræðingum. Aðspurð kvaðst hún hafa sagt frá því á neyðarmóttöku að ákærði hefði neytt hana til að sjúga kynfæri sín en ekki að ákærði hefði gert tilraun til að nauðga sér.

Vitnið [...], sálfræðingur hjá neyðarmóttöku Landspítala, staðfesti vottorð sitt og sagði brotþola hafa komið á neyðarmóttöku og í kjölfar þess verið vísað í sálfræðiráðgjöf. Vitnið kvaðst hafa hitt brotþola 9. og 29. janúar 2019. Í upphafi hefði brotþola liðið illa. Hún hefði greint frá því í fyrra skiptið sem hún kom að hún væri hrædd, skammaðist sín og fyndi fyrir sektarkennd. Hún hefði óttast að meintur gerandi mundi nálgast hana og skaða hana. Vitnið sagði að brotþoli hefði óttast að myndirnar mundu birtast einhvers staðar þó svo að hún vissi að þeim hefði verið eytt. Brotþoli hefði verið að ofhugsa þetta og þurfti að stoppa sig af og minna sig á staðreyndir málsins. Í síðara viðtalinu hefði hún greint frá því að sér væri farið að líða betur en það hefði enn vottað fyrir einbeitingarskort og svefnerfiðleikum. Brotþoli hefði ekki haft samband við hana eftir þetta og hefðu bæði hún og brotþoli metið það svo eftir síðara viðtalið að hún þyrfti ekki frekari viðtöl.

Vitnið lögreglumaður nr. [...] kvaðst hafa rannsakað farsíma ákærða vegna málsins. Hann hefði flett í gegnum það helsta í símanum. Hann hefði kannað hvort það væri opið fyrir „iCloud“ en svo hefði ekki verið. Þá hefði hann kannað „Memories“ í Snapchat, en þegar myndir væru vistaðar í Snapchat færu þær þangað inn. Einnig hefði hann kannað „Camera roll“ og „Recently Deleted“ inni í þeirri möppu og einnig Messenger. Hann hefði þannig kannað helstu staði þar sem myndir eru geymdar í sínum og ekkert fundið og ekki heldur séð nein ummerki um að þeim hefði verið eytt. Sagði vitnið að myndir sem teknar væru á myndavél í farsínum færu inn í myndamöppu og þegar þeim væri eytt þaðan færu þær inn í möppu fyrir það sem hefði nýlega verið eytt eða „Recently Deleted“. Sú mappa hefði einnig verið tóm og hefði verið tæmd en hann

hefði ekki getað séð hvenær það hefði verið gert. Skoðun hans útiloki ekki að myndirnar hafi verið teknar en útiloki að þær hafi verið í símanum þegar vitnið skoðaði hann.

Vitnið [...] sagði brotþola, sem væri vinnufélagi hans, hafa hringt í sig að nóttu til og sér hefði virst hún vera í uppnámi og hefði hún verið grátandi. Hún hefði beðið hann að sækja sig í [...]hverfið og lýst leiðinni þangað. Hann hefði farið til hennar og sótt hana og hefði ástand hennar verið eins og þegar hann talaði við hana í símann, hún hefði verið í frekar miklu uppnámi, grátandi og „á tánum“. Hún hefði sest upp í bifreið hans og hann ekið henni á neyðarmóttökuna að beiðni hennar. Hann hefði beðið eftir henni og ekið henni heim að loknu því ferli sem þar fór fram. Hún hefði sagt honum að á einhvern hátt hefði verið brotið á henni en hann minntist þess ekki að hún hefði sagt honum nákvæmlega frá því sem gerðist. Kvaðst hann telja að brotþoli hefði verið ölvuð og hún hefði notað orðið nauðgun þegar hún talaði um atvik. Eftir að borinn hafði verið undir vitnið framburður hans hjá lögreglu kvaðst hann muna eftir því að brotþoli hefði sagt að ákærði hefði tekið upp kynferðisleg samskipti þeirra en hann myndi ekki eftir því að hún hefði sagt að hún hefði séð myndirnar. Þá hefði einnig komið fram hjá brotþola að ákærði hefði beitt hana einhvers konar kynferðislegu ofbeldi og hindrað hana í að komast út.

III

Niðurstaða

Ákærði er í ákæru sakaður um brot gegn blygðunarsemi, með því að hafa sýnt af sér lostugt athæfi með því að taka upp myndbönd og myndir af ákærða og brotþola að stunda kynmök, án vitneskju brotþola, en með þessari háttsemi hafi ákærði sært blygðunarsemi hennar. Brotið er í ákæru talið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt ákvæðinu skal hver sá sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis sæta fangelsi allt að fjórum árum en sex mánuðum eða sektum ef brot er smávægilegt.

Ákærði neitar sök. Hann og brotþoli eru ein til frásagnar um atvik og er lýsing þeirra fyrir dómi á atvikum um margt eins. Myndirnar liggja ekki fyrir og fundust þær ekki við skoðun lögreglu í síma ákærða. Bæði bera ákærði og brotþoli um að myndir hafi verið teknar en lýsingar þeirra á því sem sjá mátti á myndunum eru ólíkar. Ákærði bar um að ekkert hefði sést á þeim, þær hefðu verið svartar enda myrkur í herberginu. Brotþoli kvaðst hafa þekkt sig á myndunum og á þeim hefði mátt sjá líkama hennar

aftan frá. Þá bar brotaþoli um að hafa litið aftur fyrir sig og á ákærða á meðan þau voru í samförum og þá séð að ákærði var með símann á lofti og að hann hefði þá, þegar hún spurði hann, staðfest að hann væri að taka myndir. Ákærði bar um að ásetningur hans hefði ekki staðið til þess að taka myndirnar og byggir á því að hann hafi verið með símann í höndunum til að stjórna tónlist sem þau voru að hlusta á en brotaþoli bar um að þau hefðu ekki á þessum tíma verið að hlusta á tónlist.

Í rannsóknargögnum liggur fyrir annars vegar samantekt á framburði ákærða hjá lögreglu og hins vegar hljóðupptaka af framburði hans hjá lögreglu og byggir ákærði á því að samantektin sé ekki í samræmi við framburð hans. Verður sá framburður sem heyra má á hljóðupptökunni ekki skilinn öðruvísi en svo að hann sé þar að lýsa því að hann hafi tekið myndir með farsímanum sem hann hafi verið með í höndunum til að stjórna tónlist. Má þar heyra ákærða segja að það hafi verið í einhverju kæruleysi, eða alls ekki af neinum ásetningi, sem myndir hefðu verið teknar og einnig stutt myndskreið sem sýndu svo sem ekki mikið. Hann hefði ekki gert sér grein fyrir því að brotaþola væri illa við þetta fyrr en hún hefði beðið hann að hætta. Einnig kom fram hjá ákærða að þau hefðu verið búin að hafa mök nokkra stund þegar hann byrjaði að taka myndir. Það hefði verið fyrir tilviljun að myndavélin fór á loft, hann hefði notað símann til að stjórna tónlistinni en ekki sótt símann sérstaklega til þess að taka myndir.

Framburður ákærða fyrir dómi um meinta myndatöku er nokkuð óskýr utan þess að hann bar skýrt um að það hefði ekki verið ætlun hans að taka myndirnar. Verður að telja að fram komi ákveðið misræmi í framburði hans hvað varðar það meginatriði hvort hann hafi tekið myndirnar. Eins og rakið hefur verið verður framburður hans hjá lögreglu ekki skilinn öðruvísi en svo að hann hafi í einhverju kæruleysi, og án þess að hafa skipulagt það sérstaklega, tekið myndirnar. Fyrir dómi er framburður hans ekki afdráttarlaus hvað þetta varðar og svarar hann því ekki skýrt hvað varð til þess að myndirnar voru teknar.

Framburður brotaþola um atvik hefur verið stöðugur í gegnum alla meðferð málsins um þau atriði sem máli skipta. Þá liggur fyrir að hún leitaði strax til neyðarmóttöku í kjölfar atvikanna og var þá í miklu uppnámi samkvæmt framburði vitnisins [...]. Skýrt kom fram hjá henni að ákærði hefði haldið símanum eins og hann væri að taka af henni myndir og hann hefði sagt henni að svo væri þegar hún spurði. Ákærði byggir á því að framburður brotaþola sé ótrúverðugur og nefnir m.a. því til stuðnings tvö atriði í bókun hjúkrunarfræðings á neyðarmóttöku sem varða atriði sem

ekki voru rannsökuð af lögreglu eða nánar bókað um á neyðarmóttöku. Þannig varða þessi atriði ekki þau meginatriði sem til skoðunar eru við mat á sönnun um ætlað brot ákærða. Verður þessi bókun hjúkrunarfræðingsins því ekki talin rýra trúverðugleika brotþola. Er það þannig mat dómsins að framburður brotþola sé trúverðugur og fær um margt stuðning í framburði ákærða, sem hefur hins vegar um meginatriði málsins verið á reiki, eins og rakið hefur verið. Í ljósi þessa verður því niðurstaða málsins byggð á trúverðugum framburði brotþola. Eru því ekki forsendur til að fallast á að refsiskilyrði 18. gr. laga nr. 19//1940 séu ekki uppfyllt hvað varðar ásetning ákærða til töku myndanna.

Í greinargerð er fylgdi 209. gr. laga nr. 19/1940 er ekki tæmandi talin sú háttsemi sem fellur undir lagaákvæðið. Eins og atvikum er háttað verður taka myndanna ein og sér talin falla undir ákvæðið, enda með því brotið gegn brotþola á alvarlegan hátt. Ákærði tók myndirnar á meðan hann hafði samfarir við brotþola og verður að telja að um lostugt athæfi hafi verið að ræða í skilningi 209. gr. Þá er óumdeilt að ákærði tók myndirnar í heimildarleysi og var þessi háttsemi hans til þess fallin að særa blygðunarsemi brotþola. Einnig kom fram í framburði bæði ákærða og brotþola að henni hefði verið brugðið vegna myndatökunnar og fær það einnig stuðning í vottorði og framburði sálfræðings, eins og að framan er rakið. Að öllu þessu virtu telur dómurinn nægilega sannað, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákæru og er brot ákærða þar réttilega heimfært til refsíákvæða.

IV

Ákærði er fæddur árið [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði dagsettu 7. janúar 2020 hefur ákærði ekki sætt refsingu. Við ákvörðun refsingar ákærða er litið til 1. og 2. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot hans beindist að brotþola og olli henni vanlíðan auk þess sem ákærði brást með háttsemi sinni því trausti sem hún bar til hans. Í ljósi alls framangreinds þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga en fresta skal fullnustu hennar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

V

Í málinu gerir brotþoli kröfu um miskabætur að fjárhæð 2.500.000 krónur auk vaxta og lögmansþóknunar. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn 209. gr. laga nr. 19/1940 gagnvart brotþola og hefur með háttsemi sinni bakað sér bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Er háttsemi ákærða til þess fallin að valda brotþola miska. Þá má af vottorði sálfræðings ráða að háttsemin hafi valdið brotþola vanlíðan og bar brotþoli um það fyrir dómi að hún væri enn að kljást við vanlíðan vegna hennar. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin, með hliðsjón af atvikum og dómafordæmum, 200.000 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta eins og nánar greinir í dómsorði. Er upphafstími dráttarvaxta ákveðinn með hliðsjón af því að ákærða var birt bótakrafan með fyrirkalli 10. febrúar 2020.

Eftir úrslitum málsins verður ákærði dæmdur til greiðslu alls málskostnaðar, þar með talin eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Bjarna Haukssonar lögmanns, er teljast hæfilega ákveðin 900.000 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola, Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, 750.000 krónur. Við ákvörðun málsvarnarlauna lögmannanna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Loks greiði ákærði 224.219 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti ákæruvaldsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Matthea Oddsdóttir saksóknarfulltrúi.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 60 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði A, kennitala [...], 200.000 krónur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 29. desember 2018 til 10. mars 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, þar með talin eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Bjarna Haukssonar lögmanns, sem samtals eru ákveðin 900.000 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, 750.000 krónur, og 224.219 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign.)